



## VIÐ STILLUM UPP LISTA

Áherslur jafnaðarstefnunnar eru á að saman fari velferð, öflugt atvinnulíf, samfélagsleg ábyrgð og athafnafrelsi einstaklinganna.

Þann 31. maí næstkomandi fara fram kosningar til bæjarstjórnar á Akureyri. Flokkar og hreyfingar eru um þessar mundir að vinna að undirbúningi framboða, ákveða aðferðir við val á lista og setja af stað málfeðnavinnu. Samfylkingin á Akureyri hefur nú þegar ákveðið að fara þá leið að stillt verði upp á lista.

Samfylkingin er flokkur jafnaðarmanna. Hluti af rót-gróinni alþjóðlegri hreyfingu sem hefur byggt upp þau samfélög í nágrennalöndum okkar sem best sameina velferð og félagslegt réttlæti, við samkeppnishæfni á heimsmælikvarða og framsækið atvinnulíf. Áherslur jafnaðarstefnunnar eru á að saman fari velferð, öflugt atvinnulíf, samfélagsleg ábyrgð og athafnafrelsi einstaklinganna. Markmið okkar er að jafna kjör og aðstöðu einstaklinga óháð aldri, menntun eða efnahag. Stefna Samfylkingarinnar fyrir komandi tíð í bæjarfélaginu Akureyri tekur til allra þátta er snerta velferð íbúa og vöxt bæjarins í komandi framtíð. Áhersla verður lögð á að móta til lengri tíma litið ábyrga stefnu í skólamálum, félagsmálum og umhverfismálum á þann hátt að hún megi sem best þjóna íbúum bæjarins og þeirri heildarmynd sem við viljum gefa af Akureyri.

## VERTU MEÐ!

Við höldum bæjarmálafundi flesta mánudaga í Lárusarhúsi, Eiðsvallagötu 18 kl. 20. Á þeim fundum er farið yfir málefni bæjarstjórnarfundar og nefndarmenn segja frá nefndarfundum. Á laugardögum bjóðum við upp á kaffi og með því í Lárusarhúsi. Þar eru þjóðfélagsmálin krufin og við ræðum stöðuna. Opið er á laugardögum frá 10-12. Allir velkomnir.

Vertu með og hafðu áhrif!

 Vertu með á [facebook.com/xsakureyri](https://facebook.com/xsakureyri)

 Samfylkingin

## Kosningar 2014

Samfylkingarfélagið á Akureyri auglýsir eftir frambjóðendum á lista Samfylkingarinnar fyrir bæjarstjórnarkosningarnar 2014.

Skv. samþykkt félagsfundar verður viðhöfð uppstilling á framboðslistann. Áhugasamir félagar í Samfylkingunni eru hvattir til að gefa kost á sér við uppstillingarnefnd og tilgreina hvaða sæti viðkomandi hefur hug á.

Áhugasamir skulu gefa sig fram við uppstillingarnefnd í síðasta lagi 31. janúar, með því að senda tölvupóst á netfangið: [uppstilling@xsakureyri.is](mailto:uppstilling@xsakureyri.is)

Ath. að fyllsta trúnaðar verður gætt varðandi hverjir gefa sig fram og til hvaða sætis hugur hvers og eins stendur.

Einungis verða birtar upplýsingar um nöfn og sæti á endanlegum framboðslista.

Frekari upplýsingar veitir formaður uppstillingarnefndar, Unnar Jónsson, gsm 660 9032.